



Tillaga Húsnæðisnefndar Sjálfsbjargar til Landsfundar Sjálfsbjargar Ish. 6. maí 2017

Landsfundur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra 2017 haldinn 6. maí heimilar Húsnæðisnefnd samtakanna að halda áfram að vinna að framtíðaruppbyggingu á lóð Sjálfsbjargar Ish. að Hátúni 12, Reykjavík. Heimildin felur í sér eftirfarandi:

1. Að annast um skiptingu sameiginlegrar lóðar ÖBÍ og Sjálfsbjargar við Hátún 10-14.
2. Ljúka þarfagreiningu fyrir nýtt Sjálfsbjargarhús, landsmiðstöð hreyfihamlaðra. Þarfagreiningin taki mið af eftirfarandi:
 - a. Fjármögnunarmöguleikum samtakanna á nýju húsi.
 - b. Rekstrarumsvifum Sjálfsbjargarheimilisins, bæði núverandi og fyrirhuguðum.
 - c. Rekstrarumsvifum Sjálfsbjargar Ish. og annarra starfsemisspátta er húsnæðisnefndin gerir ráð fyrir að verði til húsa í nýrri landsmiðstöð.
3. Setja fram tillögur um uppbyggingu á lóð samtakanna og leggja fyrir stjórn samtakanna. Tillögurnar feli í sér eftirfarandi:
 - a. Byggingu nýs Sjálfsbjargarhúss á lóð samtakanna
 - b. Sölu á byggingarrétti á lóðinni til að fjármagna nýtt Sjálfsbjargarhús, eða . . .
 - c. . . byggingu á íbúðum á lóðinni sem seldar verða eða leigðar út, hvort sem hagkvæmara kann að verða.
4. Semja við Kanon arkitekta um frekari hugmyndavinnu sem byggð verður á þarfagreiningunni og fyrirhugaðri annarri uppbyggingu á lóðinni.
5. Fá heimild hjá Reykjavíkurborg til uppbyggingar á lóð samtakanna og ganga til samninga þar að lútandi.
6. Semja við heilbrigðisráðuneytið um áframhaldandi rekstur Sjálfsbjargarheimilisins þar sem gert er ráð fyrir frekari áherslu á endurhæfingarstarfsemi á vegum Sjálfsbjargarheimilisins.
7. Gert er ráð fyrir fjármögnun á nýju Sjálfsbjargarhúsi sé tryggð áður en gengið verður til samninga við Reykjavíkurborg og heilbrigðisráðuneyti.
8. Ræða við Brynju, hússjóð ÖBÍ um hugsanlegt samstarf.
9. Í tengslum við framangreind áform mun húsnæðisnefndin leggja fram tillögur um ráðstöfun á núverandi húsi eftir viðræður nefndarinnar við Reykjavíkurborg.

Húsnæðisnefnd Sjálfsbjargar Ish.